

Mikil ánægja með nýja holu í Ósabotnum



Borinn Sleipnir að störfum. Áætlað er að fara niður á allt að 2000 m dýpi. Mynd: GPP.

Selfossveitur unnu stóran lottóvinning þegar mikið magn af heitu vatni fannst við borun í Ósabotnum, skammt ofan Selfoss. Það er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða sem sér um að bora nýju holuna með jarðbornum Sleipni. Sérfræðiráðgjöf vegna verkefnisins er í höndum Ísor. „Holan er nú komin á um 1730 metra dýpi en áætlað er að fara að minnsta kosti í 2000 metra með þessa holu,“ segir Sigurður

Þór Haraldson, veitustjóri Selfossveitna. Aðspurður um kostnað við svona holar kosti yfir tvö hundruð milljónir þannig að lottómiðinn er dýr. „Nú unnum við í lottóinu sem við erum afar ánægðir með. Við erum svona að gróflega áætla, þó það sé erfitt að meta á þessari stundu, að þetta séu um 20 lítrar á sekúndu af nítútu til nítútu og fimm gráðu heitu vatni.“

Tryggir afhendingaröryggi til íbúa

„Þetta tryggir fyrst og fremst afhendingaröryggi á heitu vatni fyrir íbúa á svæðinu. Þessi hola lofar virkilega góðu og það er mjög mikilvægt að við höldum áfram í orkuöflun fyrir sveitarfélagið og þetta er ekki síðasta holan sem við komum til með að bora í náinni framtíð,“ segir Tómas Ellert Tómasson, formaður eigna- og veitunefndar Árborgar. -gpp



Samgöngubætur í Bláskógabyggð

Eins og sést á myndinni er vegurinn barn síns tíma, Gýgjarhólskot er í baksýn.

Vörubifreiðastjórafélagið Mjöltnir bauð lægst í endurbætur á 4,3 km vegarkafla á Skeiða- og Hrunamannavegi. Vegkaflinn er á milli bæjanna Gýgjarhólskots og Kjóstaða í Bláskógabyggð. Mjöltnir bauð 198 milljónir í verkið en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 262 milljónir. Sjö verktafyrirtæki buðu í verkið og voru sex þeirra með tilboð sem var undir kostnaðaráætlun. Verklok eru í júní 2022. „Það eru mikil gleðitíðindi að búið sé að bjóða þennan vegkafla út. Vegurinn hefur verið mjög

slæmur í alltof mörg ár, lítið efni er í veginum og því hefur illa gengið að halda veginum í góðu ásigkomulagi. Bílar hafa þurft að fara mjög hægt og varlega til að skemmast ekki, skólabíll sem fer þennan vegkafla hefur þurft að leggja mjög tímanlega af stað til að halda áætlun, slíkt er ekki hægt að bjóða fólki uppá. Þegar vegurinn verður fullbúinn munu samgöngur í uppsveitum styrkjast verulega,“ segir Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar.

Brúarsmiði miðar vel yfir Þjórsá



Vinnu við nýja reið- og göngubrú yfir Þjórsá miðar vel áfram. Staðsetning er skammt frá Þjófafossi við Búrfellsskóg. Lokið hefur verið við uppsteypu brúarstólpanna. Landsvirkjun kostar framkvæmdina sem mótvægisáðgerð. Verkefnið er unnið í góðu samstarfi við sveitarfélögin Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþing ytra. Nánar um málið inni í blaðinu.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkin.is



Að rata rétt



Myndin er fengin af freepik.com.

Það hefur mikið verið byggt af íbúðarhúsnæði hér í nágrenni Selfoss síðustu ár. Aðeins hefur borist til eyrna að sjúkrabílar sem koma úr höfuðstað Suðurlands niður í

Flóa eða aðrar nágrannasveitir hökti örlítið við að finna ný hús eða jafnvel eldri sveitabæi. Þekki ekki dæmi um vandræði af þeim sökum, en nú til dags er þetta bara svo mikill óþarfi

sem mest má vera. Þessu hefði jafnvel mátt ráða bót á fyrir 20 árum. Einfaldlega með því að hnitsetja í GPS-tæki, eða láta til öryggis, hnit fylgja öllum fasteignum.

Í Garmin-tækjum (algennt merki) virðist misjafnt hvort nöfn á sveitabæjum (afleggjurum) skili sér inn í leiðsögukerfinn enn í dag.

Nú er ég enginn sérfræðingur. Veit þó að sumarbústaðir eru komnir í númerakerfi fyrir slökkvilið enda ógrynni af þeim um allt. Þetta með íbúðarhús og bæi ætti að vera fljótunnið verkefni. Dagstund í rúnt með tæki (eða síma jafnvel) myndi skila því langt á stóru svæði. Síðan einhver tími í skráningu.

Valdimar Guðjónsson.

Minningarorð: Emil Gunnlaugsson



Hjúpsmótið 1986. Rútan hans Emma sést þarna í hlutverki golfskála GF.

† Fallinn er frá kylfingurinn Emil Gunnlaugsson eða Emmi eins og hann var alla jafna kallaður. Emmi gerðist fljótlega félagi í GF (Golfklúbburinn Flúðir), enda íþróttamaður af lífi og sál.

Hann tók mikinn og öflugan þátt í starfi klúbbsins strax á upphafsárunum. Fyrsti eiginlegi golfskáli GF var rútan hans Emma sem sjá má á meðfylgjandi mynd sem tekin var á Hjúpsmóti GF árið 1986, ári eftir stofnun klúbbsins.

Emmi tók einnig virkan þátt í félagsstarfi GF og mótahaldi. Þegar hann hóf þátttöku sína í mótum hét hann á klúbbinn að gefa til hans fjárstyrk, ynni hann tiltekið mót sem hann tók þátt í. Svo fór að Emmi stóð uppi sem sigurvegari og styrkti hann svo klúbbinn í kjölfarið með

afar veglegum hætti. Hann kom gjarnan færandi hendi með blóm þegar mikið stóð til í félagsstarfi GF, enda blómabóndi um áratuga skeið.

Emmi var áberandi persónuleiki, hvar sem hann kom. Hann var glaðvæver og hlýr og honum lá gjarnan hátt rómur. Oft heyrðust hlátrasköll hans heim að golfskála þegar glatt var á hjalla hjá honum og meðspilurum hans. Það var gaman að vera í félagskap Emmi.

Um leið og við þökkum Emil fyrir samferðina í gegnum árin hjá GF vottum við fjölskyldu hans og vinum okkar dýpstu samúð. Blessuð sé minning Emils Gunnlaugssonar.

F.h. Golfklúbbsins Flúða,
Unnsteinn Logi Eggertsson,
ritari.

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klíð. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Árni Hafstað, heyrnarfræðingur, verður á Selfossi í febrúar.

Selfoss
8. febrúar 2021

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartækni.is



Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN

Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
gudny@domusnova.is
Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is
Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is
Sími: 772 9970

DOMUSNOVA

Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS



Frá vinstri: Karl Gunnlaugsson (bróðir Emma), Þorsteinn Geirharðsson, Emmi, Pétur Z. Skarphéðinsson, Halldór Elís Guðnason og Ástríður Guðný Daníelsdóttir



Emmi og Reynir Guðmundsson á góðri stundu.



Emmi með bikar í hönd.



ALMENN RÁDGJÖF



FASTEIGNASALA



SLYSA- OG BÓTAMÁL

Eignir vantar á skrá – í þínu hverfi

Vegna síaukinnar eftirspurnar getum við bætt við okkur eignum af öllum stærðum og gerðum á Selfossi. Með því að leita til okkar kemur þú þínum málum strax í öruggar hendur.

Við erum umboðsmenn þínir.

Reynsla okkar skilar sér í skjótri þjónustu sem sparar þér bæði tíma og peninga.

Nánari upplýsingar á vefsíðunni log.is

Sendu okkur tölvupóst, hringdu í síma 480 2900 eða komdu við á skrifstofu okkar, Austurvegi 3, alla virka daga milli kl. 9 og 16.



Hallgrímur Óskarsson
lögiltur fasteignasali

halli@log.is
Sími: 845 9900



Sigurður Sigurðsson
lögiltur fasteignasali

sigurdur@log.is
Sími: 690 6166



Steindór Guðmundsson
lögiltur fasteignasali

steindor@log.is
Sími: 862 1996



Árni Hilmar Birgisson
nemi til lögildingar
fasteignasala

arni@log.is
Sími: 856 2300

Heiðarstekkur 8, Selfossi

Glæsileg nýbygging í Björkurlandi.

Húsið stendur við nýjan skóla og leikskóla sem er að rísa

Húsið er forsteypt einingarhús á tveimur hæðum með sérinngangi og sér geymslum. Hver íbúð er 92 m² að stærð og að innan skiptist hver íbúð í forstofu, þvottahús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Útgengi úr stofu út á rúmgóðar suður svalir.


Íbúðirnar skilast fullbúnar 1. október 2021.

Verð:

Endaíbúðir verð 41.990.000

Miðjuíbúðir verð 40.900.000

**HLUTDEILDARLÁN
ÍBÓÐI**



Ný úrgangsstefna: Endurvinnslusamfélag

Framtíðarsýnin þarf að vera skýr: Sjálfbær nýting auðlinda, þar sem hugað er að góðri nýtingu hráefna og löngum endingartíma vöru strax við hönnun og framleiðslu. Ný úrgangsstefna innleiðir kerfi sem ýtir undir deiliahagkerfið, viðgerðir, endurnotkun og endurvinnslu. Hún ýtir undir að við umgöngumst úrgang sem verðmæti sem hægt er að búa til eitthvað nýtt úr. Þetta er það sem kallað er hringrásarhagkerfi, þar sem hráefnin eru notuð hring eftir hring. Slíku hagkerfi þarf að koma á í stað línulegs framleiðsluferlis, þar sem vörur eru notaðar, oft í stuttan tíma, og þeim síðan einfaldlega hent. Hættum slíkri sóun.

Komum á hringrásarhagkerfi

En til þess að hringrásarhagkerfið verði að veruleika þarf að gera breytingar á gangverkinu; gera íslenskt samfélag að endurvinnslusamfélagi. Í því miði þarf að setja fram efnahagslega hvata, skýrar reglur og ábyrgð og auka fræðslu. Í gær lagði ráðuneyti mitt drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem settar eru fram 24 aðgerðir í átt að hringrásarhagkerfi. Á yfirstandandi löggjafarþingi verður frumvarp um breytingar á úrgangslöggjöfinni lagt fram á Alþingi. Undirbúningur að stefnunni og frumvarpinu hefur staðið yfir í á þriðja ár hjá Umhverfisstofnun og í ráðuneytinu.

Minni losun

gróðurhúsalofttegunda
Markmið nýrrar stefnu er að hringrásarhagkerfi verði virkt, dregið verði verulega úr myndun úrgangs, endurvinnsla aukin og urðun hætt. Um leið myndi draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs, sem styður við alþjóðlegar skuldbindingar okkar og markmið Íslands um kolefnis-

ishlutleysi árið 2040. Framtíðarsýnin er sú að Ísland verði meðal leiðandi þjóða í loftslagsmálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir.

Róttækra breytinga er þörf

Magn heimilisúrgangs á hvern íbúa hér á landi er með því mesta sem gerist meðal EES-ríkja og er endurvinnsla heimilisúrgangs of lítil og of mikið af honum urðað. Þessu verðum við að breyta hið snarasta, því við erum að sóa verðmætum með því að henda of miklu og endurvinnna of lítið, auk þess sem urðunin veldur losun gróðurhúsalofttegunda og skiptir því máli í loftslagsbókhalda Íslands. Ný úrgangsstefna miðar að því að breyta þessu.

Skyldum flokkun og bönnum urðun

Af aðgerðunum 24 sem settar eru fram í stefnunni er stefnt að því að 12 verði lögfestar strax á þessu ári. Þetta eru meðal annars aðgerðir sem ganga út á að skylda flokkun úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum, samræma merkingar fyrir mismunandi gerðir af úrgangi, safna lífrænum úrgangi sér og einnig plasti, pappír og pappa, gleri, textíl og spilliefnum. Þannig verða þessir úrgangsstraumar sem hreinastir og henta því betur til endurvinnslu. Jafnframt verði bannað að urða þessar mismunandi tegundir af úrgangi sem safnað er sérstaklega.

Borgum minna ef við flokkum og endurvinnnum

Með aðgerðum í stefnunni verða líka innleiddir efnahagslegir hvatar þannig að neytendur og fyrirtæki borgi fyrir það sem þau henda og borgi minna fyrir það sem fer til endurvinnslu en til urðunar. Einnig verður lagt til að allar umbúðir og ýmsar vörur úr plasti verði færðar undir fram-



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

lengda framleiðendaábyrgð. Það þýðir að framleiðendur og innflytjendur fjármagna og tryggja meðhöndlun vörunnar þegar hún er orðin að úrgangi, í stað þess að neytendur beri kostnaðinn. Þá verða gerðar ráðstafanir til þess að hefja löngu tímabæra endurvinnslu á gleri.

Stuðningur við endurvinnslu

Mikilvægur þáttur í bættari meðhöndlun á úrgangi er að bæta tölfræði yfir úrgang og að tryggja að úrgangur sem fluttur er úr landi endi í viðeigandi meðhöndlun. Þá er í stefnu- drögnum gert ráð fyrir sérstökum stuðningi við heimajarðgerð og við uppbyggingu innviða sveitarfélaga og fyrirtækja sem styðja við endurvinnslu, ekki síst hérlendis. Jafnframt er í drögnum að finna aðgerðir sem styðja eiga sérstaklega við sveitarfélög við að innleiða bættu úrgangsstjórnun.

Skýr framtíðarsýn

Framtíðarsýnin er skýr: Að nýta auðlindir miklu betur, sóa minna og búa til verðmæti og nýjar vörur úr úrgangi. Þetta er mikilvægur hluti hringrásarhagkerfis sem ný úrgangsstefna innleiðir. Ég hvet sem flesta til að senda inn athugasemdir við drögin.



Matgæðingur vikunnar er Róbert Veigar Ketel.

Þakka þér fyrir Finnbogi minn að velja meistarakokk eins og mig í Dagskrána góðu. Þetta hefur verið ágætis verkefni að reyna að finna út hvaða réttur eigi verðskuldað að birtast sunnlenska landanum.

Ég átti ágætis spjall við konuna mína og komumst við að þeirri niðurstöðu að senda inn heilsusamlegan rétt þar sem flestir eru að erfiða við að ná af sér jólasteikinni.

Hér færi ég ykkur:

Massaman kjúklingakókossælu Fyrir 4-6

5 kjúklingabringur
lítil háus spergilkál
2-3 gulrætur
1 laukur
1 paprika
kjúklingakrydd
salt
pipar
1 kjúklingateningur
1 dl vatn
1 dós kókosmjólk
2-3 msk. kókosolífa
kaldpressuð frá
Himneskri hollustu
1-2 tsk. lífrænn
kókospálmasykur
1/2 tsk. Sambal olek
3-5 lauf af hvítlauk
(magn eftir smekk)
kasjühnetur
saltaðar og ristaðar
1 Massaman curry paste

Fyrst er það að skera niður allar bringurnar í munnbita stærðir krydda þær með kjúllakryddi, salti og pipar. Þá er að steikja bringurnar á pönnu upp úr kókosolífu og taka þær svo af pönnunni og leggja til hliðar.

Gulræturnar eru skornar langsum, spergilkál saxað hæfilega smátt og paprikan líka. Þá er grænmetið steikt á pönnu uppúr kókosolífu þar til það fer að mykjast, hef haft það í svona 5 mín. á pönnunni á hitastillingu 10 (hitastillingin hjá mér er frá 1 - 14). Þegar grænmetið er reddy (mjúkt) þá er það tekið til hliðar. Laukurinn saxaður smátt og hvítlaukurinn pressaður, sett saman á pönnuna og steikt þar til laukurinn verður glær því næst er bætt út í 1-1 1/2 tsk. af Massaman curry paste, cirka 1/2 tsk. af Sambal olek, 1 dós af kókosmjólk, 1-2 tsk. af kókospálmasykri, 1 kjúklingateningi og 1 dl vatn. Öllu þessu leyft að malla þar til teningurinn er leystur upp. Kjúklingnum og grænmetinu er nú bætt út á pönnuna og látið malla í 10 mín. eða þar til allt innihald er komið að suðumarki.

Við bárum réttinn fram með naan-brauði og grjónum.

Verði ykkur svo að góðu, með kveðju frá Lækjarbakka.

Þar sem boltinn þarf að rúlla þá langar mig að athuga eldhúsfærminna hjá félagi mínum Guðmundi Björgvinnssyni á Rauðalæk.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Kvöldskóli FSu hafinn

Ávorönn er boðið upp á nám í húsasmíði og rafvirkjun í kvöldskóla í FSu og hófst kennsla mánudaginn 11. janúar. Aðsókn í námið er mjög góð og eru hópar fullir. Nemendur ljúka áföngum fyrstu annar á viðkomandi brautum. Önninni er skipt í tvær lotur og eru 2-3 áfangar kenndir í einu.



Sigurður Ágúst Pétursson, kennari í rafmagnsfræði með nemendum í rafvirkjun í kvöldskóla FSu.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfos, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-hóf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Vinsæll oft ég er í munni.
Einn ég er af þrenningunni.
Inn í skóla er ég sendur.
Við öldina ég títt er kenndur.

Svar við gátu í bláði 2581: **MÓT.**
1. lína: Steypumót - 2. lína: Vegamót
3. lína: Svipmót - 4. lína: Mannamót

82% Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

*samkvæmt Gallup-könnun okt. - nóv. 2018

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Nytjamarkaðurinn í eigið húsnæði



Nytjamarkaðurinn mun koma sér vel fyrir í nýju húsnæði sem opnað verður í febrúar.

Framtíð Nytjamarkaðar Hvítasunnukirkjunnar hefur verið tryggð með kaupum á húsnæði við Gagnheiði 32.

Ljóst er að mörgum léttir við þessar fréttir en um tíma leit út fyrir að leggja þyrfti markaðinn niður vegna skorts á hentugu

húsnæði. Nýtt húsnæði uppfyllir hinsvegar mjög vel þarfir markaðarins sem mun hafa um 450 fermetra til umráða þegar

allt er komið í notkun á nýjum stað, viðskiptavinum til ánægju.

Ráðist í endurbætur að innan og utan

„Aðgengi verður mjög gott, þar eru næg bílastæði, góð aðstaða verður til að taka á móti vörum og hátt er til lofts og veggja. Á næstu vikum verða gerðar talsverðar endurbætur á húsnæðinu, að utan sem og innan. Fjöldi sjálfbóðaliða mun koma að verkinu og margir munu leggja hönd á plóg til þess að gera markaðinn sem best úr garði,“ segir Dagný Dögg Sigðurðardóttir, verslunarstjóri Nytjamarkaðarins.

Mörgum þykir vænt um starfseminu

Mikill stuðningur er við

verkefnið í samfélaginu samkvæmt Dagnýju: „Við finnum fyrir mjög miklum velvilja hvert sem við leitum. Allir sem við leitum til virðast vera boðnir og búnir til að hjálpa og styðja við verkefnið með beinum eða óbeinum hætti. Það er ljóst að mörgum þykir vænt um starfseminu. Verslunin er rekin í góðgerðarskyni og hagnaður fer allur í að styrkja slík málefni.“


Rýmingarsala og opnun innan skamms á nýjum stað

„Stefnt er að því að opna fyrsta hluta markaðarins snemma í febrúar og seinni hlutann í mars. Nú stendur yfir rýmingarsala á gamla staðnum og því er gott tækifæri til að gera góð kaup,“ segir Dagný að lokum.

Tveir fellar taka viðtal við Ólaf Darra



Selfyssingarnir Óli Þorbjörn Guðbjartsson og Einar Ingi Ingvarsson eru stjórnendur hlaðvarpsins Tveir fellar. Þeir gáfu út sinn fyrsta þátt í desember 2019 og hafa nú gefið út 25 þætti þar sem þeir spjalla saman um hitt og þetta og fá áhugaverða gesti til sín í viðtal. Drengirnir eru mjög ánægðir með árangurinn og reynsluna sem ferlið hefur veitt þeim. Þeir líta á viðtalsformið sem tæki til að víkka sjóndeildarhringinn og fá innsýn í fjölbreytileika mannlífsins. Drengirnir skera sig úr stórum hópi hlaðvarpa vegna ungs aldurs. Nýverið fékk hlaðvarpið Ólaf Darra Ólafsson leikara í viðtal. Skemmtilegt fannst drengjunum að sjá nýjar hliðar á leikaranum eins og t.d. að hann spilar tölvuleiki og er mikill Apple áhugamaður. Spjallað var um tilgang lífsins, skemmtilegar upptökur á kvikmyndasettum og nýja fjölskyldumeðliminn hans, hundinn Vöfla. Þegar drengirnir spurðu leikarann út í það hvenær hann hafi síðast orðið „starstruck“ yfir samstarfsaðila, þyrfti Ólafur Darri ekki að hugsa sig tvisvar um: Jennifer Aniston. Rúnar Freyr Gunnarsson er aðstoðarmaður þáttarins og sér til þess að allt sé í topp standi við tölur. Hægt er að nálgast alla þætti hlaðvarpsins á öllum helstu hlaðvarpsveitum og í mynd á YouTube-rásinni Tveir fellar. Hægt er að komast í samband við þá á Instagramminu @tveirfellar.



VERSLUNARSTJÓRI TENGI SELFOSSI

Tengi óskar eftir að ráða árangursdrifinn og metnaðarfullan einstakling í fjölbreytt og spennandi starf í nýrri verslun fyrirtækisins á Selfossi. Um er að ræða verslunarstjórastöðu hjá leiðandi fyrirtæki á sviði pípulagna og hreinlætistækja.

Starfssvið

- Dagleg stjórnun, birgðahald og umhirða verslunar
- Sala og þjónusta til viðskiptavina
- Tilboðsgerð og eftirfylgni
- Veitir framúrskarandi þjónustu í takt við gildi og framtíðarstefnu fyrirtækisins

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölumennsku eða verslunarrekstri æskileg
- Iðnmenntun í pípulögnum æskileg
- Mjög góð þekking á pípulagningaefni og hreinlætistækjum
- Góð þekking á markaðssvæðinu
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulipurð
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til **8. febrúar** n.k. - um er að ræða framtíðarstarf. Nánari upplýsingar gefur sölustjóri Tengis - Arnar Árnason í síma **414 1000**.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið, atvinna@tengi.is merkt „Verslunarstjóri – Selfoss“

Tengi er stofnað árið 1981 og sérhæfir sig í ráðgjöf og sölu á hreinlætistækjum og pípulagningaefni. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Kópavogi en fyrirtækið er einnig með starfsstöðvar á Akureyri og nú bráðlega á Selfossi.

Hlutverk Tengis er að auðvelda viðskiptavinum val á gæðavörum á sviði hreinlætistækja og lagnaefnis sem studdar eru af framúrskarandi þjónustu. Tengis er metnaðarfullur vinnustaður þar sem rík áhersla er lögð á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. Tengis er Fyrirtæki ársins hjá VR fyrir árið 2020 og Framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo 2020. Tengis er reyklaust fyrirtæki.

www.tengi.is | Kópavogi ☎ 414 1000
Akureyri ☎ 414 1050



ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinsemd við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,



Hermanns Ágúst,
Engjavegi 53, Selfossi.

Þá er starfsfólki á dagdvölinni Árblik og á lyflækninga- og göngudeild HSU sendar þakkir fyrir góða umönnum og hlýtt viðmót. Einnig sérstakar þakkir til Karlaðs Selfoss fyrir söng í kirkju og ógleymanlega stund fyrir utan kirkjuna að lokinni athöfn.

Guðmunda Auður Auðunsdóttir
Auðunn Hermannsson Bergþóra Þorkelsdóttir
Birna Gerður Hermannsdóttir Björn Sigþórsson
Hulda Soffía Hermannsdóttir Gunnar Þór Jónsson
Auður Ágústa Hermannsdóttir Guðjón Sævarsson
barnabörn og barnabarnabörn

Tækifærið er núna!



Ódýrasta sumarhúsið komið til landsins og tilbúið til afhendingar í bæ hamingjunnar, Þorlákshöfn! STRAX!

50 fermetrar, 2 baðherbergi, 2 svefnherbergi, falleg gólfefni, fullbúið

eldhús, led-lýsing, bluetooth hátalarar, wifi, rafmagnssofnar, skápar í öllum herbergjum. PVC gluggar, tvöfalt gler, járn á þaki, sjónvarp, kaffivél, brauðrist, örbylgjuofn, rafmagnsarinn, gárdínur, þakrennur og niðurföll.

100 mm einangrun í gólfi, veggjum og þaki. Viðarklætt 2 ára ábyrgð á tækjum. 10 ára ábyrgð á stáli og grind og þaki. Til afhendingar strax. Verðið eru litlar 8.890.000 með vsk. Sendum frítt í 200 km radius frá bæ hamingjunnar.

Upplýsingar á Facebook/Norðurhús eða í síma 820 5181.

Litfríð

Uppskrift vikunnar er að þessu sinni af lungamjúkri röndóttri mohairpeysu sem þrjónuð er ofanfrá og niður. Garnið heitir Dolce og fæst í fjölda fallegra lita. Auðvelt er að gera peysuna styttri eða síðari eftir því sem hentar.

Efni:

Stærðir S-M-L Dolce mohair, 3-3-4 dk svartar, 1-1-2 dk bleikar, 1-1-2 dk bláar, 40 og 60 sm þrjónar no 6, 40 sm þrjónn no 4,5, þrjónamerki, þrjónanælur.

Rendur: Athugið að fjöldi umferða í hverjum lit eykst eftir því sem peysan stækkar, 2 umf svartar, 1 bleik, 2 svartar, 1 blá, 3 umf svartar, 2 bleikar, 3 svartar, 2 bláar, 4 umf svartar, 3 bleikar, 4 svartar, 3 bláar, 5 umf svartar, 4 bleikar, 5 svartar, 4 bláar, 6 umf svartar, 5 bleikar, 6 svartar, 5 bláar, 7 umf svartar, 6 bleikar, 7 svartar, 6 bleikar, 8 umf svartar, 7 bleikar, 8 svartar, 7 bláar. Aukið er út með því að lyfta bandi milli lykkna fyrri umferðar, krossa það og þrjóna slétt, þannig verður ekki gat þar sem útaukning er.

Uppskrift:

Fitjið laust upp 60-64-68 l á þrjón no 4,5 og þrjónið stroff, 2 sl, 2 br, alls 24-28-32 umf. Skiptið yfir á þrjón no 6, þrjónið rendur eftir fyrirmælum og aukið í fyrstu umf út um 4 l jafnt yfir þrjóninn. Setjið þrjónamerki við upphaf umferðar.

Í 2. umf eru þrjónaðar *2 l, aukið út um 1 l*, endurtakið * * allan hringinn, alls 96-102-108 l á þrjóninum.

Í 5. umf eru þrjónaðar *3 l, aukið út um 1 l*, endurtakið * * allan hringinn, (alls 128-136-144 l á þrjóninum).

Í 10. umf eru þrjónaðar *4 l, aukið út um 1 l*, endurtakið * * allan hringinn, (alls 160-170-180 l á þrjóninum).

Í 22. umf eru þrjónaðar *5 l, aukið út um 1 l*, endurtakið * * allan hringinn, (alls 192-204-216 l á þrjóninum).

Þrjónið áfram þar til stykkið mælist 20-22-24 sm. Merkið þá fyrir bol og ermar þannig: þrjónið 44-46-48 l og setjið merki (ermi), þrjónið 52-56-60 l og setjið merki (framstykki), þrjónið 44-46-48 l og setjið merki (ermi), þrjónið 52-56-60 l og setjið merki (bakstykki). Þrjónið áfram í hring, setjið ermalykkjur á þrjónanælu þegar þið



komið að þeim, fitjið upp 4-5-5 l undir hvorri ermi. Þrjónið áfram í hring þar til æskilegri sídd er náð. Bolur peysunnar á myndinni mælist 49 sm og lauk með 7 umf bleikum. Endið með að þrjóna 1 umf svarta, þrjónið þá stroff 12 umf, 2 sl, 2 br en fækkið í fyrstu umferðinni um 4-6-6 l (alls 108-116-124 á þrjóninum). Fellið laust af.

Þrjónið nú ermi, takið lykkjurnar af nælunni og fitjið upp 4-5-5 l undir erminni setið þrjónamerki undir miðja ermi. Þrjónið rendur eins og á bol, fækkið um 2 l í 8. hverri umferð þannig að þegar 3 l eru að merki er 1 l tekin óþrjónuð, næsta l þrjónuð sl og óþrjónuðu l steipt yfir, þrjónið 2 l sl, þrjónið 2 l saman, fækkið þannig þar til 38-40-42 l eru eftir. Fækkið þá jafnt yfir þrjóninn í 32-36-36 l og þrjónið stroff, 2 sl, 2 br, alls 12 umf. Fellið laust af.

Gangið frá endum og skolið úr mildu sápuvatni.

Athugið að ekki þarf að þvo mohairpeysur þó þær virðist svolítið "þreyttar", gott ráð er að væta viskustykki, vinda vel og setja það í þurrkarann með peysunni í ca 10 mín og hún verður eins og ný.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Sunnlendingar lesa Dagskrána!

Fáðu tilboð í auglýsingarnar.

Sími 482 1944 eða
auglysingar@dfs.is

DAGSKRÁIN
 FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Auðæfi við eyjuna grænu

Íslendingar hafa tækifæri til það byggingu upp nýjan grænan iðnað á sviði þörungavinnslu. Hér á landi eru kjöraðstæður á heimsvísu, hreinn sjór og stór hafsvæði. Fjárfestar áhugasamir en lagaumgjörðin og regluverkið er enn ekki nógu gott. Alþingi þarf að skapa trausta umgjörð um þennan iðnað og skapa skýra stefnu. Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga þess efnis.

Silja Dögg Gunnarsdóttir

Þingmaður Framsóknarflokksins.



menntun, rannsóknun og frumkvöðlafyrirtækjum á þessu sviði getur Ísland skapað sér sess á meðal forystuhjóða í fullnýtingu þangs og þara og ræktunar smábörunga.

Áfram veginn!

Bygging hjúkrunarheimilis á Selfossi komin vel á veg

Það var fyrir rétt rúmu ári sem að framkvæmdir hófust við hjúkrunarheimilið á Selfossi. Skóflustunga var tekin 22. nóvember 2019. Alls verða 60 hjúkrunarrými til ráðstöfunar fyrir íbúa í sveitarfélögum á Suðurlandi. Byggingin er við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Hún er um 4000 fermetrar og þykir nokkuð óvenjuleg

útlits. Byggingin er hringlaga, á tveimur hæðum, með stórum og skjólgóðum garði í miðjunni. Hvert hjúkrunarrými mun hafa einkasvalir eða garðskika sem liggja ýmist inn í garðinn eða út á við. Það er byggingafyrirtækið Eykt sem bauð best í útboðinu en fimm fyrirtæki tóku þátt. Áætlað er að byggingunni verði lokið í ágúst, en fyrstu íbúar flytji inn nú í haust.

-gpp



Þörungar framleiða súrefni

Þörungar eru ekki bara næringarrík fæða fyrir skepnur og mannfólk heldur framleiða þeir líka stóran hluta súrefnis jarðar, allavega helming alls súrefnis og sumir vísindamenn segja um 90%. Þörungar hreinsa sjóinn og þá má einnig nýta sem áburð. Sumar smáþörungategundir eru olíuríkar og úr þeim er hægt að framleiða lífildsneyti sem endurnýtir koltvísýring úr loftinu. Það er því ljóst að sjálfbær öflun þörunga og aukin nýting þeirra getur hjálpað til við að minnka álag á önnur vistkerfi jarðarinnar, draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og hafa jákvæð áhrif á vistkerfi hafins.

Mikil eftirspurn

Heimsmarkaður fyrir þörunga er stór og fer vaxandi. Samkvæmt skýrslu Report Linker um heimsmarkað fyrir þörunga frá júlí 2020 er áætluð velta árið 2020 fyrir þörungaprótein 912,8 millj. dala og því spáð að hann vaxi í 1,3 milljarða dala árið 2027. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að það sé vaxandi eftirspurn eftir matvæla- og drykkjarafurðum sem byggðar eru á þörungum. Efni úr þeim má finna í mörgum matvælategundum, snyrtivörum og iðnaðarvörum eins og málningu, dekkjum o.fl. Vöxtur í þörungaframleiðslu í heiminum er áætlaður um 7,4% á ári til ársins 2024 og að veltan verði um 1,1 milljarður Bandaríkjadala árið 2024 samkvæmt greiningu Sjávarklasans frá nóvember 2019. Í þessari grein liggja mýmörg áhugaverð tækifæri fyrir íslenskt athafnalíf.

Hvernig getum við bætt umgjörðina?

Greinarhöfundur hefur lagt fram þingsályktunartillögu ásamt þingflokki Framsóknar um að umhverfis- og auðlindaráðherra í samvinnu við sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra geri aðgerðaáætlun um þörungaræktun sem liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2021. Einnig er kveðið á um að ráðherra leggi fram tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda hvað varðar þörungarækt eigi síðar en 1. maí 2021. Flutningsmenn telja að sá tímarammi ætti að vera nægilegur enda unnt að líta til fordæma nágrennaþjóða okkar, eins og Færeyja og Noregs, þar sem reynsla er þegar komin á framkvæmd sambærilegra lagaákvæða.

Með því að fjárfesta í

FORSTÖÐUMAÐUR FRÍSTUNDASTARFS BARNNA OG UNGLINGA Í ÞORLÁKSHÖFN

Í starfinu felst eftirfarandi:

- Stýra starfi í Frístundaheimili Grunnskólans. Í Frístund er þjónusta fyrir börn í 1. – 4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Hlutverk frístundaheimilis er að bjóða uppá skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og skipulögðu starfi.
- Stýra starfi í Félagsmiðstöðinni Svítunni. Í félagsmiðstöðinni er boðið upp á félagsstarf fyrir börn og unglunga á aldrinum 12 – 16 ára í frítíma þeirra. Lögð er áhersla á að ná til sem flestra og bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni.
- Umsjón með Sumarfrístund. Á sumrin er boðið upp á heils- og hálfisdags námskeið fyrir 6 – 9 ára börn þar sem áhersla er lögð á hreyfingu, sköpun og útiveru.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Reynsla af starfi með börnum og/eða unglingum skilyrði.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði.

Almenn tölvukunnátta skilyrði. Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur Sveitarfélagsins. Laun eru greidd skv. kjarasamningi FOSS eða BHM.

Frekari upplýsingar um starfið veita Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn í síma 861-1732, olina@olfus.is og Ragnar Matthías Sigurðsson, íþrótt- og tómstundafulltrúi í síma 863- 9690, ragnar@olfus.is.

Umsóknunum skal skilað rafrænt á heimasíðu Ölfuss www.olfus.is fyrir 12. febrúar 2021.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. maí næstkomandi.

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Öllum umsóknunum verður svarað.



ÓSKAÐ ER EFTIR DRÍFANDI, HUGMYNDARÍKUM OG ÁBYRGUM EINSTAKLINGI Í 100% STARF TIL AÐ LEIÐA STARF BARNNA OG UNGLINGA Í ÞORLÁKSHÖFN.

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Barbára framlengir út 2022

KNATTSPYRNA Landsliðskonan Barbára Sól Gísladóttir hefur framlengt samning sinn við knattspyrnudeild Selfoss út keppnistímabilið 2022.

Þrátt fyrir að vera einungis nítján ára gömul er Barbára einn leikreyndasti leikmaður Selfossliðsins en hún hefur leikið 92 meistaraflokksleiki fyrir félagið, þar af 50 í efstu deild. Hún var valin í A-landsliðið í fyrsta skipti síðasta haust og lék þá tvo landsleiki. Áður hafði hún leikið 36 leiki fyrir yngri landslið Íslands.

Selfoss hefur lánað Barbáru til skoska úrvalsdeildarliðsins Celtic og mun hún leika með liðinu fram á vor, þangað til keppni hefst í Pepsi Max deildinni.

„Ég er mjög ánægð með að framlengja á Selfossi, hér er frábært umhverfi fyrir leikmenn og ég mun klárlega halda áfram að bæta mig hérna. Markmiðið er auðvitað að verða enn betri



Barbára Sól Gísladóttir. Ljósmynd: Umf. Selfoss/GKS

leikmaður, spila fleiri landsleiki og vera í hópnum sem fer á Evrópumeistaramótið sumarið 2022. Um leið er ég glöð með að félagið leyfi mér að fara á láni til Skotlands. Það er mjög spennandi að fara út og öðlast

reynslu í nýju landi. Ég sleppi undirbúningstímabilinu á Selfossi en það verður geggjað að komast í fótbolta í vetur og ég mæti aftur fersk þegar tímabilið byrjar hérna heima,“ segir Barbára Sól.

Þjálfarar knattspyrnudeildar á skyndihjálparnámskeiði

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss hélt á dögunum námskeið í skyndihjálpar og fyrstu viðbrögðum fyrir þjálfara og starfsfólk knattspyrnudeildar.

Díana Gestsdóttir íþrótt- og heilsufræðingur og skyndihjálparkennari sá um námskeiðið. Þar lærðu þátttakendur grundvallaratriði í skyndihjálpar og endurlífugun. Markmiðið er að þátttakendur verði hæfir til að veita fyrstu hjálpar ef slys verður á æfingum eða í leikjum.



Díana kennir Tomasz Luba þjálfara 3. flokks kvenna og 5. flokks karla réttu handtökin. Ljósmynd: Umf. Selfoss



Magnús B. Þórðarson formaður LSÍ afhenti Símoni Gestu og Bergrós vöðurkenningsar. Ljósmyndir: LSÍ



Símon Gestur og Bergrós ungmenni ársins

LYFTINGAR Símon Gestur Ragnarsson og Bergrós Björnsdóttir, bæði úr Umf. Selfoss, voru verðlaunuð þegar Lyftingasamband Íslands verðlaunaði lyftingafólk ársins 2020 í desember.

Símon Gestur sem er nítján ára gamall var valinn ungmenni ársins í flokki U20 ára. Hann keppir nú í -96 kg flokki, en hann keppti í -89 kg flokki fyrr á árinu 2020. Símon Gestur hefur keppt í ólympískum lyftingum síðan í febrúar 2019 og á hann Íslandsmetið í snörun, bæði í -89 kg flokki junior með 119 kg og í -96 kg flokkum junior og U23 með 121 kg. Hann varð Norðurlandameistari í -96 kg flokki 20 ára og yngri í desember síðastliðnum. Besta mót Símons á árinu var Íslandsmeistaramót

unglinga í -89 kg flokki. Þar setti hann Íslandsmetið í snörun og tók 132 kg í jafnhendingu sem skilaði honum 292 Sinclairstigum.

Bergrós sem er aðeins 13 ára var valin ungmenni ársins í flokki U15 ára. Hún keppir í -64 kg flokki en hún hóf að keppa í lyftingum í desember 2019, þá á sínu tólfta aldursári. Bergrós á fimm Íslandsmet í U15 og U17 ára flokkum en þau met setti hún á Norðurlandameistaramóti unginglinga í desember. Hún setti átta önnur Íslandsmet á árinu en best á hún 65 kg í snörun, 75 kg í jafnhendingu, 140 kg í samhlöðgu og 182,6 Sinclair stig. Þess má geta þess að Bergrós snarar hálfu öðru kíló yfir eigin líkamspýngd.

Tap í jöfnum leik í Víkinni

HANDBOLTI Stelpurnar okkar töpuðu í jöfnum og spennandi leik í Víkinni á sunnudag, 28-26. Þetta var fjórði leikur liðsins í Grill 66-deildinni í vetur.

Selfyssingar byrjuðu leikinn af miklum krafti og léku eins og þær sem valdið höfðu, eftir rúmar tíu mínútur var staðan orðin 1-7. Þá fékk Tinna Sigurros þungt högg í andlit og kom ekki meira við sögu í leiknum. Það reyndust vera kaflaskil í leiknum og öðrum tíu mínútum síðar var staðan orðin 6-8 og leikurinn orðinn nokkuð jafn og hélst þannig fram að hálfleik þar sem staðan var 13-14. Í seinni hálfleik var leikurinn áfram í



Elínborg Katla var öflug gegn Víkingum og skoraði 9 mörk. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁP

járnnum, stutt á milli þar til um tíu mínútur voru eftir af leiknum, en þá tóku Víkingar áhlaup og komust fjórum mörkum yfir,

26-22. Það var munur sem Selfyssingar náðu ekki að brúa þrátt fyrir að leggja töluvert í það.

Mörk Selfoss: Lara Zidek 9, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir 8, Agnes Sigurðardóttir 3, Tinna Sigurrós Traustadóttir og Elín Krista Sigurðardóttir, Ivana Rarikovic og Kristín Una Hólmarsdóttir 1. Varin skot: Lena Ósk Jónsdóttir 11 (29%) og Áslaug Ýr Bragadóttir 3 (75%).

Stelpurnar hafa tapað þremur af fjórum leikjum sínum í Grill 66 deildinni og sitja í neðsta sæti deildarinnar með tvö stig. Næsti leikur þeirra er á laugardaginn kl. 14:00 gegn Gróttu úti á Sel-tjarnarnesi. -esó

Aukagreiðsla til félaga vegna góðrar fjárhagsafkomu

HSK Stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins (HSK) hefur ákveðið að greiða aðildarfélagum sínum og sérráðum sérstaka aukagreiðslu í ljósi góðrar fjárhagsafkomu HSK á síðasta ári og vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í samfélaginu vegna COVID-19. Þetta var ákveðið á fundi stjórnar í seinustu viku.

Upphæðin er 2,2 milljónir króna, en að óbreyttu hefði hagnaður sambandsins á síðasta ári verið rétt um 2,2 milljónir. Ástæða mun betri fjárhagsafkomu HSK en áætlun gerði ráð fyrir, er að stærstum hluta vegna mun meiri tekna af Lottóinu.



Guðrjúður Aadnegard, formaður HSK. Ljósmynd: UMFÍ

Ungmennafélag Selfoss fær hæstu greiðsluna, rúmlega 530 þúsund krónur, Íþróttafélagið Hamar tæplega 284 þúsund krónur og Íþróttafélagið Dímon og Ungmennafélagið Hekla fá rúmlega 104 þúsund krónur. Aðrar greiðslur eru undir 100 þúsund krónum. Forsendur skiptingar eru þær sömu og við útdelingu á Lottói árið 2020.

„Við erum mjög ánægð að geta greitt arðinn út til aðildarfélaganna. Þetta sýnir að íþróttahreyfingin er vel rekin og gott að nýta hann til að styðja við félagin,“ segir Guðrjúður Aadnegard, formaður HSK.

Ný námskeið í ungbarnasundi

SUND Ný námskeið í Guggusundi – ungbarnasundi hefst fimmtudaginn 4. febrúar, föstudaginn 5. febrúar og laugardaginn 6. febrúar. Kennir er einu sinni í viku í átta vikur.

Í boði eru námskeið fyrir ungbörn frá 7 mánaða aldri upp í byrjendahópa barna sem eru byrjuð í grunnskóla. Kennari er Guðbjörg H. Bjarnadóttir íþróttakennari.

Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net en skráningar og upplýsingar eru einnig á netfanginu guggahb@simnet.is og



í síma 848 1626. Best er að skrá tímanlega því það er oftast fullbókað snemma.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana.

1. Námur og efnislosunarsvæði við Þórisós - Ný svæði - Aðalskipulagsbreyting

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16.12.2020 að kynna skipulagslýsingu vegna skilgreiningar á námum og efnislosunarsvæði í nágrenni við Þórisós. Í breytingunni felst skilgreining á fjórum nýjum efnislosunarsvæðum og einu efnislosunarsvæði.

2. Krókur L170822, gufuafsvirkjun á Faldahálsi - Skilgreining iðnaðarsvæðis - Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar í landi Króks. Í breytingunni felst skilgreining iðnaðarsvæðis á Faldahálsi fyrir gufuafsvirkjun. Raforkuframléiðsla er áætluð allt að 3,9 MW sem nýtt verður fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks.

3. Loftstaðir-Vestri lnr 165512 - Ferðapjónusta, tjöld og þjónustuhús - Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar í landi Loftstaða-Vestri. Í tillögunni felst að skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja upp ferðapjónustu með gistingu í heilsárstjöldum/smáhýsum ásamt þjónustuhúsi.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

4. Vatnsholt 2, L166398 Hrítholt - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar 2021 að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til Hrítholts í landi Vatnsholts 2, L166398. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru lóðir og byggingarheimildir fyrir uppbyggingu allt að 15 íbúðarhúsalóða sem hver um sig er 10.000 fm að stærð. Nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint allt að 0,05. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði í B9 í aðalskipulagi Flóahrepps.

5. Krókur L170822 - Gufluafsvirkjun á Faldahálsi, skilgreining iðnaðarsvæðis - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2021 að kynna deiliskipulagstillögu í landi Króks. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir þremur borholum ásamt gufluafsvirkju, gufluafsvirkjun og öðrum búnaði gufluafsvirkjunnar auk stöðvarhúss og kæliturna. Gert

er ráð fyrir því að 11 kV jarðstrengur verði lagður um 7 km leið að bænum Króki. Raforkuframléiðsla er áætluð allt að 3,9 MW.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

6. Skyggir L197781 - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu á lóð Skyggis, L197781. Í deiliskipulagi felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Samkvæmt skilmálum skipulagsins er gert ráð fyrir íbúðarhúsi ásamt bílskúr allt að 250 fm, útihúsi allt að 1500 fm auk gestahúss allt að 60 fm að stærð á þremur byggingarreitum.

7. Sultartangavirkjun L191624 - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. janúar 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Sultartangastöð. Markmið deiliskipulagsins er að staðfesta núverandi landnotkun, auk þess sem unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og settir fram skilmálar í tengslum við hana. Þá hafa fornminjar verið skráðar.

8. Nesjar, Stapavík L170904 - Frístundalóðir - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til lóðar Staðavíkur L170904 að Nesjum. Í deiliskipulaginu felst skilgreining þriggja lóða auk byggingarheimilda innan þeirra.

9. Ásborgir 44 og 46 L199041 og L199042 - Sameiningar lóða - Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Ásborga í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst sameining lóða Ásborga 44 L199041 og Ásborga 46 L199042 sem báðar eru verslunar- og þjónustulóðir. Að sameiningu lokinni fær lóðin staðfangið Ásborgir 44 og verður 12.413 fm að stærð.

10. Brattholt lóð (Gullfosskaffi) 193452 - Spennistöðvarlóð, byggingarreitir fyrir skolp-hreinsistöð og sorpgáma, stækkun núverandi byggingarreits og sameining lóða - Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi á Brattholti lóð (Gullfosskaffi). Í breytingunni felst skilgreining á byggingarreitum fyrir skolp-hreinsistöð og sorpgáma, stækkun á núverandi byggingareit og sameiningu lóða auk þess sem gert er ráð fyrir nýrri lóð fyrir spennistöð.

11. Grænahlíð, Efri-Brú - Hliðrun lóðar og skilmála-breyting - Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps sam-

þykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Grænuhlíðar í landi Efri-Brúar. Í breytingunni felst hliðrun á lóðum og grænum svæðum innan skipulagssvæðisins auk breytinga á greinargerð þar sem settar eru fram nánari kvaðir varðandi útlit og eðli bygginga og lóða-framkvæmda.

12. Hrisbraut 2, L218845 - Skipting lóðar og skilmála-breyting - Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur m.a. til lóðar Hrisbrautar 2. Í breytingunni felst uppskipting lóðar Hrisbrautar 2 og skilgreining byggingarheimilda fyrir svæðið í heild sinni og stakra lóða innan deiliskipulagsins.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

13. Sporðöldulón á Holtamannafrétti, stækkun námu E16 - Aðalskipulagsbreyting

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. október 2020 óverulega breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps. Í breytingunni felst að náma E16 vestan Tungnaár um 300 metra sunnan við stíflu Sporðöldulóns verður stækkuð úr 0,5 í 1,0 ha. og efnismagn hennar aukið úr 10.000 m³ í 20.000 m³. Áætluð aukning á efnismagni er ætlað til viðhalds og viðgerða á stíflum á Þjórsár- og Tungnaársvæði. Náman er staðsett á röskuðu svæði innan iðnaðarsvæðis í gildandi aðalskipulagi og innan deiliskipulags fyrir Búðarhálsvirkjun. Breyting þessi hefur tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda nr. 1292/2020.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Skipulagstillögur og lýsingar mál nr. 1-5 eru í kynningu frá 27.01.2021 til og með 17.2.2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 17.2.2021.

Deiliskipulagstillögur í liðum 6-12 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 27.01.2021 til og með 12.3.2021. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 12.3.2021.

Athugasemdir og ábendingar skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson,
skipulagsfulltrúi UTU.



ÞORRABLÓT SUNNLENDINGA

Kæru Sunnlendingar!

Nú stendur til að halda Þorrablót Sunnlendinga í beinu streymi heim í stofu þann 6. febrúar nk. Glæsileg dagskrá og frábær tónlistartriði – hinn eini sanni Guðni Ágústsson heldur ræðu og meðal listamannanna sem koma fram verða þau Sóli Hólm og Ólafía Hrönn, Pétur Örn, Unnur Birna og fleiri. Veitingahús og íþróttafélög þéttbýliskjarnanna selja þorramatinn en miðasala fyrir streymisdagskrána er á tix.is.

Þorakveðjur!
Menningarfélag Suðurlands



Fyrsta skóflustunga að nýrri svæðisskrifstofu RARIK á Suðurlandi

Föstudaginn 22. janúar sl. tóku forstjóri RARIK og yfirmenn fyrirtækisins á Suðurlandi fyrstu skóflustungu að byggingu nýrrar svæðisskrifstofu RARIK á Suðurlandi sem mun rísa við Larsenstræti 4 á Selfossi. Nýja svæðisskrifstofan og aðstaðan við hana mun auka hagræði í rekstri RARIK á Suðurlandi og jafnframt bæta vinnuskilyrði starfsmanna fyrirtækisins á svæðinu. Miðað er við að byggingarframkvæmdir verði boðnar út á vormánuðum og stefnt er að því að nýja svæðisskrifstofan verði tekin í notkun á árinu 2022.



Ný aðstaða RARIK á Selfossi mun rísa á lóð sem stendur innst í botnlanga við Larsenstræti. Lóðin verður malbikuð með bílastæðum fyrir starfsmenn og gesti meðfram norður og austurhlíð hússins.

Tvær byggingar og athafnasvæði

Um er að ræða tvær byggingar samtals 1.559,9 m² að stærð. Annars vegar 1.397 m² húsnæði fyrir lager, bílgeymslu, skrifstofuhluta og starfsmannaaðstöðu og hins vegar 167,2 m² aðstöðuhús þar sem verður geymsla á búnaði útiflokka, varaafstöð og hjólageymsla fyrir starfsmenn auk athafnasvæðis fyrir grófvörur á bakhluta lóðarinnar. Í nýju svæðisskrifstofunni við Larsenstræti verður aðstaða fyrir 24 starfsmenn að jafnaði en

gert er ráð fyrir að þar geti allt að 35 manns af skrifstofu og útiflokkum starfað í einu.

Ánægjuleg tímamót

Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri RARIK segir þetta ánægjuleg tímamót. „Þetta verkefni hefur átt sér langan aðdraganda en það er orðið mikilvægt að bæta aðstöðu starfsmanna okkar í Árnessýslu. Hér hefur verið mikil uppbygging á undanförunum

árum og má sem dæmi nefna að nýjar heimaugar á Suðurlandi og reyndar mest í Árnessýslu, hafa verið fleiri á undanförunum árum en samanlagt á öllum öðrum starfssvæðum RARIK, jafnvel eru dæmi um að þær hafi verið tvöfalt fleiri. Starfsemi RARIK hefur verið á þremur stöðum á Selfossi, en með þessum byggingum næst að sameina starfsemi í Árnessýslu á einn stað.“

Vinna við nýja göngu- og reiðbrú yfir Þjórsá miðar vel

Áfram er unnið að því að byggja veglega reið- og göngubrú yfir Þjórsá. Staðsetning er skammt frá Þjófafossi við Búrfellsskóg. Lokið hefur verið við uppsteypu brúarstólpanna.

Landsvirkjun kostar framkvæmdina sem mótvægisáðgerð. Verkefnið er unnið í góðu samstarfi við sveitarfélögin Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþing ytra. Lögð er áhersla á að brúin og aðkoma að henni falli snyrtilega inn í landslagið. Allt bendir til að brúin verði tilbúin til notkunar í júní næstkomandi. Lengd brúarinnar er 102 metrar. Stöplar eru steyptr, burðarbitarnir verða úr stáli. Límtrésbitar koma þar ofan á. Í brúargólfinu verður tvöfalt lag af timbri. Það er ánægjulegt að



segja frá því að timburverkið er íslenskt og kemur úr Haukadals-skógi.

„Þetta mannvirki mun búa til nýja og skemmtilega tengingu milli Arnes- og Rangárvallasýslu. Vonir standa til að með því skapast nýir möguleikar í ferða-

þjónustu og afþreyingu. Svæðið sem um ræðir mun væntanlega taka á sig enn hlýlegri mynd á næstu árum sem skapast mun af vexti Búrfellsskógar,“ segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu.



FLÓAHREPPUR



Krakkaborg

Ekki missa af þessu tækifæri!

Okkur vantar leikskólakennara í 100% stöðu

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og að jafnaði dvelja þar um 40-50 nemendur frá níu mánaða til sex ára. Hér er góður starfsmannahópur, reynslumiklir starfsmenn, yndislegir nemendur og jákvæðir foreldrar. Umhverfi leikskólans býður upp á óendanlega möguleika. Þeir sem vilja vera virkur hluti liðsheildar, jákvæðir og skapandi ættu ekki að hika. Við erum falin perla í aðeins 10 mínútna akstri frá Selfossi. Áhugasamir velkomnir í heimsókn!

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði og jákvæðni
- Sjálfsæð og skipulögð vinnubrögð

Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa eru aðrar umsóknir teknar til skoðunar. Laun eru samkvæmt kjarasamningum

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir leikskólastjóri í síma 480 0151 eða Sara Guðjónsdóttir aðstoðarleikskólustjóri í síma 480 0151.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netföngin thordisg@floahreppur.is eða sara@floahreppur.is.

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu leikskólans <http://krakkaborg.leikskolinn.is/>

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2021.

Bankasala á óvissutímum

Íslandsbanki er verðmæt eign í eigu almennings. Hann varð eign ríkissjóðs í uppgjöri um stöðugleikaframlög föllnu bankanna eftir efnahagshrunið 2008. Það var ekki síst fyrir einbeiti og festu fyrrum forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og ríkisstjórnar hans, sem bankinn varð almenningsseign og mikilvægt skref stigið í því að kom þjóðinni út úr hruninu.

Ríkisstjórnin áformar að selja um 25% hlut hið minnsta á næstu mánuðum. Salan ber nokkuð brátt að í miðri efnahagslegri óvissu veirufaraldursins. Stjórnarflokkunum, Sjálfstæðisflokki, Framsókn og VG sýnist mikið í mun að selja fyrir kosningar.

Eignarhald ríkisins á tveimur af þremur viðskiptabönkum landsins er ekki heppilegt. Það getur haft neikvæð áhrif að ríkið eigi svo stóran hlut og því fylgir áhætta. Opinbert eignarhald á fjármálafyrirtækjum er talsvert lægra á Norðurlöndum. Það sem einkennir íslenskan fjármálamarkað er að hann er fákeppnismarkaður og bankarnir eru hver öðrum líkir. Það er hagur almennings að

breyta því. Aukin samkeppni á bankamarkaði stuðlar að lægri vöxtum, lægri þjónustugjöldum og nýjungum. Slíkum markmiðum er best náð með því að erlendur banki myndi hefja hér starfsemi. Það yrði einnig til þess að efla traust á íslenskum fjármálamarkaði. Draga þarf úr aðgangshindrunum sem eru hér á landi til þess að laða að erlenda banka.

Almenningur virðist ekki sérlega áhugasamur um áform ríkisstjórnarinnar um sölu Íslandsbanka. Það er skiljanlegt í ljósi þess sem á undan er gengið. Traust á innlendum fjármálamarkaði hefur ekki verið mikið. Regluverk og eftirlit hefur hins vegar verið bætt að nokkru eftir efnahagshrunið. Það eru því minni líkur á að nýir eigendur geti tileinkað sér sömu vinnubrögð og ríktu í aðdraganda hrunsins. Mestar líkur er á því að lífeyrissjóðirnir kaupi stóran hlut í bankanum. Færa má rök fyrir því að það sé ekki æskilegt. Sjóðirnir eru orðnir mjög umsvifamiklir í fjárfestingum í atvinnulífnum og eiga nú þegar umtalsverðan hlut í Arion banka. Sala bankans má ekki leiða til þess að við endum

Birgir Þórarinnsson

Þingmaður Miðflokksins.



með bankamarkað sem er með veikari samkeppnisgrundvöll en hann er í dag.

Skynsamlegt að biða þar til efnahagslegri óvissu er eytt.

Miðflokkurinn telur að biða eigi með sölu Íslandsbanka þangað til óvissa um efnahag bankans liggur fyrir og endurreisn hagkerfisins er hafin. Eins og áður segir er æskilegt að fá erlenda fjárfesti t.d. norræna banka. Í miðjum veirufaraldri er minni líkur á því og mögulegum kaupendum fækkar. Hámarksverð verður að fást fyrir þessa verðmætu eign fólksins í landinu. Söluandvirðið ætti síðan að nýta til að ráðast í arðsamar framkvæmdir eins og í samgöngum. Skuldir ríkissjóðs þarf einnig að minnka.

Höfundur situr í fjárlaganefnd Alþingis



Nesey ehf.

Efnistaka í Hjálmholtsnámu í Merkurhrauni.

Mat á umhverfisáhrifum. Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun og athugasemdafrestur.

Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur frá 27. janúar til og með 12. febrúar 2021.

Efni hefur verið unnið í Hjálmholtsnámu frá því um 1980 og er núverandi stærð námunnar um 12 ha. Nú stendur til að stækka vinnsluvæði námunnar og er nauðsynlegt að fjalla um viðbótina í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Drög að tillögu að matsáætlunum eru nú birt til kynningar á heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU, www.efla.is.

Allir geta gert athugasemdir við drögin. Koma skal athugasemdum til Snævarrs Arnar Georgssonar hjá verkfræðistofunni EFLU á netfangið snævarr.georgsson@efla.is. Skriflegar athugasemdir skal merkja „Hjálmholtsnáma – efnistaka“ og senda til Snævarrs Arnar Georgssonar, EFLA Verkfræðistofa, Lynghalsi 4, 110 Reykjavík.

PÁSKAR 2021

Til félagsmanna Stjórnendafélags Suðurlands sem hafa hug á að leigja orlofshús félagsins um páskana. Hægt er að sækja um á heimasíðu félagsins www.stjornandi.is. Valmöguleikar eru Svignaskarð hús 32, Brekkuheiði 15 Bláskógabyggð og Langahlíð 2 á Akureyri.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar n.k. Leiga fyrir páskana er kr. 23.000,-.

Orlofsnefnd Stjórnendafélags Suðurlands



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS

Spennandi dagskrá hjá Ferðafélagi Árnesinga



Félagar hjá Ferðafélagi Árnesinga á góðri stund. Sú var tíðin að ekki þurfti grímur eða tveggja metra bíl.

Ferðafélag Árnesinga er deild innan Ferðafélags Íslands. Félagið stendur fyrir ferðum á tveggja til þriggja vikna fresti. Göngur þessar eru fjölbreyttar, oft verða fjöll hér í nágrenninu fyrir valinu og vegalengdir eru á bilinu 7 til 23 km. Þannig geta allir fundið sér göngu við hæfi. Ferðirnar eru flokkaðar í erfiðleikastig, þ.e. frá einum skó upp í fjóra skó. Einn skór þýðir létt og stutt dagleið (4-6 klst.) Mest gengið á sléttlendi. Tveir skór miðlungslangar dagleiðir (5-7 klst.) Oft í hæðottu landi.

Þátttakendur þurfa að vera í nokkuð góðri þjálfun. Þrjár skór, þátttakendur þurfa að vera í góðri þjálfun. Fjórir skór, aðeins fyrir fólk í mjög góðri þjálfun. Flestar ferðir félagsins í vetur, eru merktar með tveimur skóm. Í vetrarferðum er nauðsynlegt að vera vel klæddur og muna að hafa með sér góða göngubrodna.

Félagið heldur úti heimasíðu (ffar.is) þar má finna ýmsar upplýsingar um félagið svo sem göngur ársins, útbúnaðarlista o.fl. Einnig eru við í félaginu virk á Facebook. Ferðir okkar

eru allar gjaldfrjálssar nema ef sameinast er í rútu, þá þarf að greiða fyrir farið. Markmið félagsins er að efla möguleika og virkni fólks á öllum aldri í gönguferðum og annarri útiveru.

Við sem höfum starfaði í þessum félagsskap erum sammála um að stemmingin sem skapast á fjöllum er einstök sem og vinskapurinn sem þar myndast. Við bjóðum alla velkomna í ferðir með okkur.

Kær kveðja frá stjórn FFÁR



Talaðu við barnið þitt um örugga símanotkun!

Það verður ekki tekið til baka ef viðkvæm mynd af barninu þínu kemst á internetið. Veit barnið þitt við hvern það er að eiga samskipti á netinu?

www.saft.is

Forvarnahópur Árborgar



Smyrilsútgáfan gefur út sína fyrstu bók

Smyrilsútgáfan, nýtt bókaforlag, sem er til húsa í Hveragerði hefur gefið út sína fyrstu bók. Þessi bók byggir að hluta til á reynslu höfundar og heitir Í HELGREIPUM ÁSTARINNAR.

„Eins og nafn bókarrinnar gefur til kynna er þetta ástarsaga, en óvenjuleg að því leyti að hún er með spennu og drama í senn. Bókin fjallar um stúlku sem kemst að því að móðir hennar hefur leynt hver faðir hennar er. Með því að hnýsast í dagbækur hennar kemst hún þó að hver hann er. Hún er ósátt við framkomu þessa manns í garð

móður sinnar við lestur þessara bóka. Örlögin hafa því þannig til að stúlkan fer að vinna með honum og ákveður að gera allt sem hún getur til að hann verði ástfangin af sér. Það heppnast henni fullkomlega þannig að hann á erfitt með að lifa án hennar. Áform hennar var svo að hún hann og láta sem hann sé ekki til eins og örlög móður hennar varð. En því miður féll hún í eigin gryfju og gerði þau mistök að verða yfir sig ástfangin af honum eins og móðir hennar.“ Bækurnar má nálgast m.a. hjá útgáfunni og Bókakaffinu á Selfossi.



Hvers vegna Hálendisþjóðgarð?

Ég hef verið spurður hvers vegna jéppakallinn ég vilji Hálendisþjóðgarð.

Í 18. gr. í lagafrumvarpi um Hálendisþjóðgarð stendur: „Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Hálendisþjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega svo fremi sem jörð sé frosin eða snjöpökjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum.“ Það er gott og blessað en það eru markmiðin með stofnun þjóðgarðsins sem koma fram í 3. gr. lagafrumvarps um Hálendisþjóðgarð sem skipta mig öllu máli. Ég tek heilshugar undir þessi markmið og ég hef enga ástæðu til þess að halda að ekki verði staðið við þau.

1. Vernda náttúru og sögu þjóðgarðsins, svo sem landslag, víðerni, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar og tryggja tilvist heildstæðra vistkerfa og náttúrulegra ferla.
2. Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru, menningar og sögu þjóðgarðsins.
3. Auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.
4. Stuðla að því að almenningur geti stundað útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru og menningarminjar.
5. Leitast við að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og á landinu öllu, meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar á gæðum svæðisins.
6. Þjóðgarðurinn verði vettvangur umræðu og ákvarðanatöku um landnýtingu innan þjóðgarðs og þróun hennar.
7. Stuðla að rannsóknum og fræðslu um þjóðgarðinn og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu hans.
8. Endurheimta vistkerfi sem hafa raskast.
9. Varðveita þjóðlendur í þjóðgarði og viðhalda virði þeirra í náttúrufarslegu og menningarlegu tilliti.
10. Stuðla að samvinnu og samstarfi við félög og sjálfboda-liða um málefni landsvæðisins.

Er einhver ástæða til þess að amast við þessum ítarlegu markmiðum. Liggja þau fyrir annars staðar?

Með stofnun Hálendisþjóðgarðs verði skipulag samræmt á hálendinu. Vissulega verður

skipulagsvald einstakra sveitarfélaga settur ákveðinn rammi, en samkvæmt 8. gr. frumvarpsins um stjórn Hálendisþjóðgarðs kemur fram að af 11 stjórnarmönnum tilnefna aðliggjandi sveitarfélög 6 og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinn aðila: útivistarsamtökum, umhverfisverndarsamtökum, Bændasamtökum Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðaþjónustusamtökum á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Sex af 11 eru tilnefndir af kjörnum sveitarfélagsfulltrúum og 4 af ýmsum félagasamtökum. Ég sé ekki að ráðherra geti hundsad þessar tilnefningar. Hann velur aðeins formanninn.

Gert er ráð fyrir a.m.k sex rekstrarsvæðum sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarðar. Einnig þar hafa fulltrúar sveitarfélaganna meirihluta í stjórn 5 af 9 og hinir 4 eru valdir af félagasamtökum.

Sveitarfélögin sem nú hafa skipulagsvaldið munu hafa hreinan meirihluta, sem þau þurfa að deila sín á milli í stjórn þjóðgarðsins og í svæðisstjórnunum og þau hafa ramma sem þau þurfa að fylgja en þau halda skipulagsvaldinu að mestu leyti.

Ég sé ekki að stjórnun þjóðgarðsins geti orðið öllu lýðræðislegri, ólíkt lýðræðislegri og samræmdari heldur en stjórnun og skipulag hálendisins er núna, þar sem mörg sveitarfélög hafa skipulagsvald hvert á sinni ræmu eða svæði. Vissulega þarf ég sem íbúi í Árborg að nýta mér þátttöku í einhverju áhugamannafélagi, ferðafélagi, náttúruverndarsamtökum eða samtökum ferðaþjónustuaðila til að hafa áhrif þangað til Árnesþing verður eitt sveitarfélag og tilnefni í stjórn og svæðisstjórn. Ég geri ráð fyrir því að sveitarfélögin tilnefni fólk í stjórnir þjóðgarðsins og svæðanna sem hefur áhuga á að vinna af samvissusemi að markmiðum laganna í 3. gr. Það geta verið sauðfjárbændur, ferðaþjónustuaðilar, veiðileiðsögumenn eða útivistarfólk.

Stjórn og svæðisstjórnun er falið mikið hlutverk, einkum í upphafi í samstarfi við forstjóra og annað starfsfólk þjóðgarðsins. Ráðherra setur reglugerðir sem byggja á þeirri vinnu.

Það er talað um heimildir ráðherra að setja reglugerðir sem hindra umferð um hálendið. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir að þær heimildir og skyldur ráðherra eru nú þegar í „Lögum um náttúruvernd nr. 60/2013“. Það sem er einnig athyglisvert

Porsteinn Ólafsson



Höfundur er efir-launamaður sem býr á Selfossi.

að þar getur nánast verið geðþóttaákvörðun ráðherra eða Umhverfisstofnunar hvaða takmarkanir eru settar um umferð um óbyggðir og nýtingu á t.d. plöntum. Í lagafrumvarpinu um Hálendisþjóðgarð er gert ráð fyrir samráði. Það má ekki gleyma því að enginn ráðherra má setja reglugerð nema hún hafi stöð í lögum.

Í lögum um náttúruvernd eru ákvæði um þjóðgarða í 47. gr. „Í þjóðgördum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist. Frjálsa för fólks samkvæmt almannarétti er aðeins hægt að takmarka á afmörkuðum svæðum í þjóðgördum þar sem það er nauðsynlegt til að vernda plöntur, dýr, menningarminjar eða jarðminjar.“ Takið eftir síðustu málsgreininni, hún tekur fram að það er skilyrði fyrir því að takmarka frjálsa för fólks. Þeir sem leggja gegn stofnun Hálendisþjóðgarða ættu að lesa í gegnum lög nr 60/2013 um náttúruvernd.

Ég vil Hálendisþjóðgarð vegna þess að með honum verður meira samræmi í skipulagi miðhálendisins. Ég sé fyrir mér svæðisbundnar gestastofur þar sem við getum fengið fræðslu um hvert svæði. Þar sem fyrir liggja upplýsingar um hvernig er best að ferðast um svæðið, hvað er mikilvægt að skoða og hvað ber að forðast, t.d. að fara ekki á jépping inn í Tjarnarver. Að landverðir stíki bestu gönguleiðirnar að áhugaverðum stöðum og milli áhugaverðra staða, t.d. fossunum í og við Þjórsá. Ég er sannfærður um að með tímanum muni ferðamenn dreifast miklu betur um hálendið og átroðningur minnki á þeim stöðum sem nú liggja undir skemmdum.

Fyrirliggjandi frumvarp ber vissulega merki um mála-miðlanir t.d. varðandi orkuvinnslu þannig að tekið er tillit til rammaáætlunar, vald sveitarstjórna er mikið, beitar- og veiðiréttur er virtur. Það þarf að byrja einhvern tíma, nú er heppilegur tími, það er ráðrúm á meðan ferðaþjónustan er að rísa upp á ný. Svona framkvæmd verður aldrei þannig að öllum verði gert til hæfis, en þarna fer af stað langtíma þróunarvinna.

Nýlagnir Endurlagnir Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580

Einar 660 1581



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Auglýsing um skipulagsmál í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt sameiginleg tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun

1. Hvammsvirkjun, deiliskipulag virkjunar í Þjórsá.

Sveitastjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggja sameiginlega fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun til kynningar. Framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar er í báðum sveitarfélögunum. Stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra, en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ofangreind tillaga ásamt kynningargögnum frá Landsvirkjun má nálgast hjá Skipulagsfulltrúum ofangreindra sveitarfélaga, og á heimasíðum sveitarfélaganna Rangárþings ytra, www.ry.is og Skeiða- og Gnúpverjahrepps www.skeidgnup.is. Auk þess sem gögnin eru aðgengileg á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita www.utu.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum við kynningargögnin er til 17. febrúar 2021. Að lokinni kynningu verður tillagan lögð fyrir skipulagsnefndir og sveitarstjórnir sveitarfélaganna til afgreiðslu fyrir auglýsingu.

Haraldur Birgir Haraldsson
skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

Vígús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi UTU

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Hafðu samband

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



Sigmundur Stefánsson, Jón M. Ívarsson og Árni Eiríksson með Flóamannabók.

Flóamannabók afhent Flóahreppi

Það er ekki á hverjum degi sem út koma bækur sem fjalla um byggðasögu á Suðurlandi. Fyrstu tvö bindin í byggðasögu Flóahrepps sem fjalla um Hraungerðishrepp hinn forna, Flóamannabók I og II, voru afhent sveitarstjórn Flóahrepps við hátíðlega afhöfn 12. janúar sl. á fundi sveitarstjórnar.

Oddviti Flóahrepps, Árni Eiríksson á Skúfslæk, óskaði höfundu til hamingju með þetta mikla verk og lýsti ánægju sinni með útgáfuna. Jón M. Ívarsson, höfundur Flóamannabókar þakkaði góðan stuðning sveitarfélagsins við þetta verk-

efni og lýsti í stuttu máli tilurð bókarinnar. Áratugur er liðinn síðan hann fékk þessa hugmynd og fimm ára vinna liggur að baki þessum fyrsta áfanga. Nú er vinna hafin við næsta áfanga sem verður Villingsholtshreppur en Jón kvaðst vona að hann tæki styttri tíma. Lokaáfanginn verður Gaulverjabæjarhreppur sem er heimasveit Jóns og sagði hann að það myndi halda sér á tánum við áframhaldið. Voru þeir Sigmundur Stefánsson, gjaldkeri Flóamannabókar og Jón sæmdir blómvöndum að skilnaði og kvaddir með góðum óskum.

Áhyggjur af raforku- og fjar-skiptasambandi í Skaftárhreppi

Þann 9. janúar sl. varð rafmagnslaust í Skaftárhreppi að hluta. Samkvæmt RARIK fór rafmagn af tveimur flutningslínunum í kerfi Landsnets sem sjá svæðinu í kringum Kirkjubæjarklaustur fyrir rafmagn. Þetta voru Sigöldulína 4 og Prestbakkalína 1. Rafmagnslaust varð því í stærstum hluta Skaftárhrepps, m.a. á Kirkjubæjarklaustri, Meðallandi og Síðu. Í bókun sveitarstjórnar kom fram að: „Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir áhyggjum sínum af þeim aðstæðum sem sköpuðust í rafmagnsleysi þann 9. janúar sl. þegar síma-

sendar dattu út og stórt svæði í sveitarfélaginu var fjar-skiptasambandslaust. Einhverjar varaafstöðvar eru komnar á svæðið í samræmi við svör til sveitarfélagsins frá framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar þann 12. október 2020. Ekki hefur þó enn verið gengið frá samningum um eða verkferlar ákveðnir við notkun varaafstöðvanna. Sveitarstjórn Skaftárhrepps óskar því eftir fundi með forsvarsmönnum Neyðarlínunnar og skjótum viðbrögðum við gerð verkferla til að koma í veg fyrir að þessi staða endurtaki sig í framtíðinni.“



Staðnám hafið á ný

Sælir Sunnlendingar! Nú er staðnám loks hafið á ný í Menntaskólanum að Laugarvatni. Það er mikill munur og mjög gott að fá að hitta samnemendur og kennara aftur eftir langan tíma í fjarnámi og vonum við að staðnámið haldist það sem eftir er af skólaárinu.

Félagslífið er allt að renna af

stað aftur hjá nemendum en til dæmis eru ML-tímar, skipulagðir íþróttatímar utan skóla, komnir í gang á ný. Þar eru þó fjöldatakmarkanir eins og annarsstaðar. Einnig er Kássan, spilahópur innan skólans, farin að hittast og spila Dungeons & Dragons.

Umsjón: Jóna Guðlaug og Jónína Njarðardóttir



Langar barnið þitt að kynnst hestamennsku?

Hestamannfélagið Sleipnir er að fara af stað með tilraunaverkefni þar sem einstaklingum á aldrinum 12-18 ára stendur til boða aðstoð við að stiga sín fyrstu spor í hestamennsku. Innifalið eru afnot af hesti og búnaði 2 klst. í senn, 2 daga í viku. Takmarkaður fjöldi.

Verð 32.000 kr. fyrir 4 vikur.

Umsóknir skulu berast á netfangið reidskoli@sleipnir.is.

Nánari upplýsingar í síma 898 4979.



SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

Deildarstjóri skipulagsdeildar, tímabundið

Sveitarfélagið Árborg leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi í tímabundið starf til 12 mánaða, vegna óvæntra aðstæðna, sem leysir af í daglegum störfum deildarstjóra skipulags- og byggingarmála. Möguleiki er á framtíðarráðningu og lögð áhersla á að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Skipulagsdeild hefur umsjón með skipulagsgerð, eftirlit með framkvæmdaleyfissskyldum framkvæmdum og undir deildina heyrir byggingardeild.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun á skipulagsdeild og staðgengill deildarstjóra skipulagsdeildar í fjarveru hans
- Framkvæmd skipulagsmála og ráðgjöf m.a. við íbúa, hönnuði, verktaka og íbúa um skipulagsmál
- Eftirlit og eftirfylgni með framkvæmdaleyfissskyldum framkvæmdum
- Ábyrgð á faglegri ráðgjöf til skipulags- og byggingarnefndar
- Tekur á móti erindum og heldur utan um fundarboð og fundargerðir skipulags- og byggingarnefndar
- Vinnur áætlanir eða stýrir vinnu skipulagsráðgjafa
- Leiðbeinir og svarar fyrirspurnum um skipulagsmál
- Verkefnastjórn vegna vinnu við skipulagsáætlanir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í samræmi við ákvæði 7. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 þ.e. arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur, verkfræðingur eða skipulagsfræðingur
- Reyndsla af skipulagsmálum og haldbær reyndsla af stjórnun
- Þekkingu á skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum og stjórnsýslulögum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla þekkingu, setja fram mál og upplýsingar á íslensku

Frekari upplýsingar um starfið veita Helga María Pálsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs, helga.maria@arborg.is, Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri, gislihh@arborg.is og Ólöf Jóna Tryggvadóttir mannauðsstjóri, olof.jona@arborg.is.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins. **Umsóknafrestur er til og með 31. janúar nk.**



Sveitarfélagið
ÁRBORG

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrisholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrisholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrisholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrisholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrisholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Iðnararhúsnæði og lóð
Vantar ca. 50-80 fm iðnaðarhúsnæði á Selfossi eða nærsveitum til leigu eða sölu. Vantar einni lóð nærri Selfossi til kaupa, t.d. í Tjarnabyggð. Uppl. í síma 864 7100.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og almennar bílavíðgerðir.
Hjólástíllingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun
Áttund

Yoga nidra byrjar
1. feb. og 3. feb.
í beinu streymi
6. feb.



**Ragnhildur
Sigurðardóttir**
farsími
693 2197

Cand.mag. í iþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddameistar,
Hugræn atferlismæðferð,
meta medicine.

TIL LEIGU

Íbúð til leigu
Til leigu góð 70 fm íbúð í lyftublokk á Selfossi. Laus fljótlega í febrúar. Rúmgott baðherbergi með tengingu fyrir þvottavél og þurrkara, stofa og eldhús samliggjandi, eitt svefnherbergi og geymsla í íbúðinni. Uppl. í síma 618 1511.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

S. 482 1944 - dfs@dfs.is

Þrír hljóta styrk Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands

Fimmtudaginn 14. janúar 2021 var haldinn hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands í Fjölheimum á Selfossi. Að þessu sinni voru aðeins 10 manns viðstaddir vegna sóttvarnaaðgerða en fundinum var jafnframt streymt á netinu og fylgdist á fjórða tug með honum með þeim hætti. Eins og áður heidraði forseti lýðveldisins, hr. Guðni Th. Jóhannesson, samkomuna með nærveru sinni.

Að þessu skiptist styrkur sjóðsins milli þriggja styrkþega:

Benedikt Traustason, en hann vinnur að meistaratitgerð í líffræði við Háskóla Íslands. Verkefnið nefnist Vistfræði birkis á Suðurlandi og takmarkandi þættir fyrir landnám þess. Samhliða loftslagsbreytingum hefur sjálfræðsla birkis aukist en verkefni Benedikts miðar m.a. að því að afla skilnings á því hvaða staðbundnu aðstæður liðka fyrir eða hamla viðgangi og landnámi birkis á Suðurlandi.

Catherine R. Gallagher, en hún vinnur að doktorsverkefni í jarðfræði við Háskóla Íslands. Verkefnið nefnist Characterising ice-magma interactions during a shallow subglacial fissure eruption: northern Laki, a case



Catherine R. Gallagher ásamt hr. Guðna Th. Jóhannessyni.

study. Rannsóknin fjallar um samspil íss og kviku í sprungugosi undir þunnri jökulhettu og nýtir sér Skaftáreldana 1783-84 sem vettvangsdæmi. Skilningur á eldvirkni við fyrrnefndar aðstæður er mikilvægur þar sem jóklar hörfa nú æ meir.

Maite Cerezo, en hún vinnur að doktorsverkefni í líffræði við Háskóla Íslands. Verkefnið nefnist Tengsl varpþéttleika, atferlis og stofnstjórnunar hjá spóa. Ein birtingarmynd hnignandi líffjölbreytni er mikil fækkun farfugla, og vega þar þungt eyðing búsvæða af mannavöldum auk loftslagsbreytinga.


Sunnlendingar bera ábyrgð á stórum hluta heimsstofns spóans og er þess vænt að rannsóknin geti stutt við vernd spóastofnsins og skyldra tegunda.

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands er samstarfsverkefni Fræðslunetsins og Háskólafélagsins en bakhjarlar sjóðsins eru fjölmörg fyrirtæki, félög, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi. Árlega eru veittir styrkir úr sjóðnum til lokaverkefna á háskólastigi, nú í nítjándan sinn. Sunnlendingar geta verið stoltir af þessu framtaki sínu en sambærilega sjóði er ekki að finna í öðrum landshlutum.

Álfheiður Eymarsdóttir vill leiða lista Pírata í Suðurkjördæmi

Álfheiður Eymarsdóttir, varapingmaður Pírata í Suðurkjördæmi, gefur kost á sér til að leiða lista Pírata í Suðurkjördæmi í komandi Alþingiskosningum. Álfheiður er fædd á Höfn í Hornafirði en er nú búsett á Selfossi og hefur

tekið þátt í sveitarstjórnarmálum þar. Hún er menntaður stjórnfræðingur, situr í stjórn RARIK og hefur m.a. starfað sem embættismaður hjá Reykjavíkurborg og rekið eigin fiskverkunar- og úflutningsfyrirtæki.



Deiliskipulag við Varmá Frá Lystigarðinum Fossflöt og norður fyrir Friðarstaði

Í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 14. janúar sl. að kynna fyrir íbúum Hveragerðisbæjar og öðrum hagsmunaaðilum, tillögu að deiliskipulagi við Varmá, frá Lystigarðinum Fossflöt og norður fyrir Friðarstaði, ásamt forsendum hennar og greinargerð. Gert er ráð fyrir að á norðurhluta svæðisins rísi ferðatengd verslunar- og þjónustustarfsemi en íbúðabyggð á miðhluta þess á móts við Hlíðarhaga.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu fer kynningin fram á opnum rafrænum fundi, sem haldinn verður þann 4. febrúar nk. Fundurinn hefst kl. 17:00 og lýkur um kl. 18:30. Á fundinum munu höfundar skipulagsins þeir Páll Gunnlaugsson arkitekt og Þráinn Hauksson landslagsarkitekt gera grein fyrir tillögunni og svara fyrirspurnum.

Deiliskipulagstillöguna, ásamt greinargerð og skýringarupprætti, má skoða á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is. Þar verður einnig að finna tengil á fundinn.

Eftir að bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillöguna í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, verður sett upp sýning á henni í Verslunarmiðstöðinni Sunnumörk þar sem öllum gefst kostur á að kynna sér hana á aðgengilegan hátt og átta sig vel á aðstæðum á skipulagssvæðinu.

Bæjarstjóri



NÝTT TÆKIFÆRI

Ásta Tómasdóttir
asta.synergyworldwide.com
Sími 695 0452

Leita að áhugasömu fólki í tengslamarkaðssetningu til að kynna og selja heimsklassa 100% hreinar náttúruvörur sem standa fyrir sínu. Þær koma frá virtu alþjóðafyrirtæki. Tekjumöguleikarnir eru árangurstengdir og engin takmörk sett, einungis viðleitni þín sker úr um það. Hafir þú áhuga hvort sem er til eigin nota eða til kynningar vinsamlegast hafðu samband.

Endurvinnslufyrirtækið Pure North í Hveragerði í samstarf við HR



Ljósmynd frá undirritun samstarfssamningsins. Frá vinstri til hægri: Sigurður Halldórsson framkvæmdastjóri Pure North, Gísli Hjálmtýsson sviðsforseti tæknisviðs HR, Áslaug Hulda Jónsdóttir hjá Pure North, Kolbrún Eir Óskarsdóttir verkefnisstjóri hjá HR og Ari Kristinn Jónsson rektor HR.

Á samningstímanum munu sérfræðingar HR og nemendur háskólans meðal annars vinna rannsóknaverkefni um vistferilsgreiningu á plasti og greina inn- og útlæði plasts á Íslandi. Þá verða gerðar rannsóknir á eiginleikum endurnnins plasts og möguleikum til vöruþróunar og framtíðarnotkunar. Einnig er stefnt að því að fræða almenning og ungt fólk um þau verðmæti sem felast í endurunnu plasti og gera aðferðir við endurvinnslu og endurnýtingu plasts aðgengilegri fyrir einstaklinga, menntastofnanir og atvinnulíf.

Sjálfbærni er eitt áhersluatriði HR og sérfræðingar Pure North tóku í lok haustanna þátt í kennslu í þriggja vikna námskeiðinu *Inngangur að verkfræði*, sem allir fyrsta árs nemar í verkfræði sitja. Í námskeiðinu unnu nemendur að fjölbreyttum verkefnum um endurvinnslu og endurnýtingu plasts. Fjölmargar áhugaverða hugmyndir litu dagsins ljós, svo sem fræðslusíða um endurvinnslu, niðurbrotanleg fiskinet, fjölfylliflöskur fyrir

gos og kvóti á plastnotkun í byggingariðnaði. Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, segir að samstarfið við Pure North sé mikilvægur hlekkur í áherslu á sjálfbærni og umhverfismál í kennslu, rannsóknum og öðru starfi háskólans.

Háskólinn í Reykjavík vinnur samkvæmt viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um menntun ábyrgra leiðtoga, með áherslu á samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Eitt af fjölmörgum viðfangsefnum Íslands í þeim efnum varðar það plast sem fellur til. Pure North hefur náð eftirtektarverðum árangri við endurvinnslu plasts á umhverfisvænan hátt um leið og áhersla er á að fræða atvinnulíf og almenning um endurvinnslu og hringrásarhagkerfið. Við erum því mjög ánægð með þetta nýja samstarf okkar og erum þess fullviss að það muni skila sér í aukinn þekkingu, nýsköpun og hreinna umhverfi.

„Við erum ótrúlega þakklát og spennt fyrir þessu samstarfi. Það liggja gríðarleg tækifæri fyrir Ísland í því að efla hringrásarhagkerfið

og sjálfbærni með innlendra endurvinnslu. Það er mikil þekking, fagmennska og metnaður hjá HR í þessum málaflokki og það er mikilvægt fyrir frumkvöðlafyrirtæki eins og Pure North að fá tækifæri til slíks samstarfs. Ég er fullviss um að út úr þessari samvinnu kemur eitthvað meiriháttar,“ segir Áslaug Hulda Jónsdóttir, hjá Pure North.

Pure North Recycling endurvinnur plast með umhverfisvænum orkugjöfum og er jarðvarminn þar í aðalhlutverki. Í endurvinnslunni er óhreinum plastúrgangi breytt í plastperlur sem seldar eru til framleiðslu á nýjum plastvörum hér á landi og erlendis. Fyrirtækið er eina fyrirtækið á Íslandi sem endurvinnur plast að fullu. Markmið endurvinnslunnar er að plast verði aftur að plasti og að fullvinnslan skilji eftir sig sem minnst eða ekkert kolefnisspor en engin kemísk efni eru notuð við vinnsluna. Vinnsluáðferð Pure North Recycling er einstök á heimsvísu, umhverfisvæn og byggir á íslensku hugviti.

Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030

Austurbyggð II, Selfossi



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Bæjarstjórn Árborgar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 213/2010.

Skipulagssvæðið markast af hesthúsasvæði til norðurs, Gaulverjabæjarvegi til austurs, Austurhólum til vesturs og fyrirhugaðri legu Suðurhóla til suðurs. Breytingin felur í sér stækkun íbúðarsvæðis í landi Dísarstaða um 5,8 ha. og samsvarandi minnkun hesthúsasvæðis. Göngu- og hjólastígur, og reiðstígur á mörkum íbúðar- og hesthúsasvæðis færast og liggja á nýjum mörkum svæðanna. Reiðleið meðfram Austurhólum verður felld niður. Heimild er gefin fyrir tveimur nýjum aðkomum að íbúðarsvæðinu frá Austurhólum og/eða Suðurhólum sem útfærast nánar í deiliskipulagi.

Breytingartillagan og umhverfisskýrsla liggur frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, frá og með 27. janúar nk. til 10. mars 2021 og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á vefsíðu Árborgar, www.arborg.is.

Þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til 10. mars 2021. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa á Austurveg 67 eða á netfangið skipulag@arborg.is.

Sigurður Andrés Þorvarðarson,
skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.



AÐALFUNDARBOÐ

Framsóknarfélag Ölfuss boðar til aðalfundar, þriðjudaginn 2. febrúar 2021 kl. 20.00 í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn.

Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.
Starfið framundan
Komandi alþingis- og sveitarstjórnarkosningar
Gestur fundarins verður Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir verkefnastjóri Framsóknar í Suðurkjördæmi.
Heitt á könnunni.

Stjórnin.

Vegna takmarkana verður fundurinn einnig á ZOOM. Þeir sem hafa áhuga á að vera með sendi endilega póst á hronn@hekluskogar.is til að fá aðgang að fundinum.

Viljayfirlýsing um framkvæmd 18 holu golfvallar við Selfoss



Í venjulegu árferði hefði verið haldin vegleg veisla í tilefni af afmælinu. Það verður að biða betri tíma. Þrátt fyrir allt er hugur í GOS að byggja upp glæsilegan golfvöll.

Fulltrúar Golfklúbbs Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar undirrituðu, sunnudaginn 24. janúar sl., viljayfirlýsingu um framkvæmd á 18 holu golfvelli við Selfoss. Viljayfirlýsingin er undirrituð á afmælisdegi klúbbsins en hann var stofnaður á þessum degi fyrir 50 árum, árið 1971.

Mikilvægt að völlurinn verði stækkaður í átján holu völl

Níu holu golfvöllur hefur verið á bökkum Ölfusár norðan við Selfoss um áratuga skeið. Þjóðvegurinn við Selfoss fær senn nýtt vegstæði og ný brú yfir Ölfusá mun rísa á næstu árum. Þetta þýðir að Golfklúbbur Selfoss hefur látið syðsta hluta vallarins undir þá framkvæmd.

Til að koma til móts við þessar breytingar hafa staðið yfir framkvæmdir á þremur nýjum golfbrautum sem hafa fengið nýjan stað norðar í landi klúbbsins. Framkvæmdirnar hófust haustið 2018 og er stefnt að því að opna þær í sumar. Meðfram framkvæmdunum hefur stækkun vallarins verið skipulögð og þykir mikilvægt að framkvæmdirnar fái framhald í stækkun upp í fulla stærð eða 18 holur. Slíkt hefur mikla hag-ræðingu í för með sér, bæði fjárhagslega og faglega segir í tilkynningu frá klúbbum.

Aðsókn í klúbbinn stórukist

„Aðsókn að klúbbum, bæði gesta og félagsmanna, hefur stórukist síðustu ár og er svo komið að þörf er á stækkun vallarins til að anna eftirspurn. Forsvarsfólk Golfklúbbsins fær reglulega fyrirspurnir um golfvöllinn frá fólki sem kannar búsetukosti í sveitarfélaginu og hvort hann sé í fullri stærð. Mörgum finnst skjóta skökku við að stærsta sveitarfélag Suðurlands bjóði ekki upp á slíka stærð golfvallar. Einnig hefur hin öra fólksfjölgun sem á sér stað í Sveitarfélaginu Árborg kallað á frekari útiveru- og afþreyingarkosti en þá sem nú eru til staðar. Golfklúbbur Selfoss og Sveitarfélagið Árborg deila sýn á hlutdeild klúbbsins í lýðheilsumarkmiðum sveitarfélagsins. Svæði vallarins hefur því verið skipulagt með göngustíga, reiðstíga og útiveru almennings í huga sem og verður það öllum aðgengilegt,“ segir Páll Sveinsson formaður Golfklúbbs Selfoss.

Viljayfirlýsingin felur í sér að farið verður í að gera samning um aðkomu sveitarfélagsins og stuðning við fyrirhugaðar framkvæmdir. Þannig mun 18 holu golfvöllur rísa á bökkum Ölfusár við Selfoss á næstu árum.

HAGBÓK

Sérfræðingar í þína þágu

Starfsfólk Hagbókar býður upp á alhlíða þjónustu er kemur að verkefnum á sviði reksturs, fjármála og bókhalds.

Hagbók ehf. bókhaldsstofa
Eyravegi 37, 800 Selfoss
www.hagbok.is s. 480 3340

D+H BÓKHOLD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÓSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

HP

**HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

**Tæknipjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gísthús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símerki o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

**Rétting
og málun**

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ **480 8020**

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRAGA AF
VIMATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Jiibbiíi
Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Þípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími